

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 212/2013

2014/EES/19/34

frá 8. nóvember 2013

**um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana
í viðskiptum með vín**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 579/2012 frá 29. júní 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 607/2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknarnir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1185/2012 frá 11. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 607/2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknarnir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í sjöundu málsgrein inngangsorða að bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) Bókun 47 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 1. viðbættis bókunar 47 við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 11. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009):

- „– **32012 R 0579**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 579/2012 frá 29. júní 2012 (Stjútíð. ESB L 171, 30.6.2012, bls. 4).
- **32012 R 1185**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1185/2012 frá 11. desember 2012 (Stjútíð. ESB L 338, 12.12.2012, bls. 18).“

2. Texti aðlögunarliðarins í 11. lið hljóði svo:

„Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi bætist við í 70. gr. a:

„Þegar EFTA-ríkin eru annars vegar skulu þau fylgja málsmæðferðinni sem um getur í staflið b) í 1. mgr. 70. gr. a, 2. mgr. 70 gr. a og 4. mgr. 70. gr. a.“

- b) Eftirfarandi bætist við í töfluna í hluta A í X. viðauka:

Á norsku	„sulfitter“ eller „svoveldioksid“	„egg“, „eggprotein“, „eggprodukt“, „egglysozym“ eller „eggalbumin“	„melk“, „melkeprodukt“, „melkekasein“ eller „melkeprotein“
----------	-----------------------------------	--	--

“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 171, 30.6.2012, bls. 4.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 338, 12.12.2012, bls. 18.

c) Eftirfarandi bætist við í töfluna í X. viðauka a:

”		
NO	„bæringisvirksomhet“ eller „vinprodusent“	„bæringid av“
		““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 579/2012 og (ESB) nr. 1185/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. nóvember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Dórir Ibsen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.